

Dags. fundar: 30. nóvember 2011	Tími: 20.00	Nr. fundar: 09-2011
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Fundarritari: Sigríður Runólfsdóttir.	Staður: Tíbrá, Selfossi.

Efni fundar:

1. Breyting á stjórn.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Litlu jólin og undirbúningur þeirra
4. Atburðardagatal seinni annar, janúar – júní 2012
5. Staða innheimtu æfingagjalda og skilta
6. Gallamál.
7. Umsóknir um styrki
8. Önnur mál.
 - a. Jólagjöf.
 - b. Fundur aðalstjórnar.
 - c. Tilnefningar til íþróttakarls og íþróttakonu Árborgar.

Viðstaddir: Edda Ólafsdóttir, Elín M. Karlsdóttir, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Katrín Ósk Þráinsdóttir, Sigríður Runólfsdóttir.

Boðuð forföll: Sigríður Pálsdóttir.

Dagskrá:

1. Komnar eru inn í stjórn sunddeildar, Elín M. Karlsdóttir og Katrín Ósk Þráinsdóttir, eru þær boðnar velkomnar til starfa. Einnig er komin inn nýr varamaður, Hilda Pálmadóttir í stað Helgu Sigurðardóttur.
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
3. Litlu jólin verða haldin miðvikudaginn 14. desember kl. 17.30 í Tíbrá. Sendur verður út tölvupóstur þess efnis til iðkenda. Rætt var skipulag stundarinnar. Jólafri hvers hóps verður tilkynnt til iðkenda í samráði við þjálfara hópanna. Haft verður samband við Helgu R. Enarsdóttur Og hun beðin um að segja eða lesa jólasögu.
4. Farið var yfir atburðardagatal seinni annar. Fyrsti atburður á því er flöskusöfnun 14. janúar. Skipulag hennar ákveðið. Dagatalið verður sent í tölvupósti til iðkenda.
5. Staða innheimtu rædd. Skil á æfingagjöldum góð. Greiðslur vegna skilta ekki komnar á eindaga. Iðkendum deildarinnar hefur fjölgað nokkuð frá hausti sem er jákvætt, mest í yngri hópum sem Guðbjörg H. Bjarnadóttir þjálfar. Hugsanlega þarf að skoða með aukaðstoð á æfingum Guðbjargar einhverja daga vikunnar vegna nýrra reglna á sundstöðum þar sem ekki er gert ráð fyrir að þjálfari sé einn með nema 14-15 börn ef öll börnin eru yngri en 10 ára. Ingibjörg talaði um að það gæti jafnvel vantað eina greiðslu fyrir brettin frá MBF. Birkir í Fosstraf vill láta farga gamla skiltinu þeirra og íhugar að koma með nýtt, kemur með svar í næstu viku.

6. Gallarnir eru komnir til landsins. Sent verður til söluaðila hvernig merkingum á gallana á að vera háttað og vonandi verða þeir afhentir fljótlega.
7. Deildin fékk úthlutað styrk úr Verkefnasjóði HSK og rætt var hvernig best væri að hann yrði nýttur. Styrkurinn var lægri en sótt var um svo einhver breyting þarf að vera á verkefninu en um var að ræða styrkt til kynningar á deildinni. Rætt var hvort ætti að sækja um styrk úr Afreks- og styrktarsjóði UMFS.
8.
 - a. Jólagjöf til iðkenda rædd.
 - b. Ingibjörg fór yfir atriði sem rædd voru á aðastjórnarfundi UMFS 2. nóvember sl. Einnig sagði hún frá Nora (Nori) sem er skráningarkerfi- og greiðslukerfi sem UMFS er að skoða með að taka í notkun.
 - c. Tilnefningar til íþróttakarls og íþróttakonu Árborgar ræddar.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Tölvupóstur vegna litlu jóla og jólafrís.	IELS	Sem fyrst.
Tilkynning um flöskusöfnun. Aðstaða til ljósritunar. Aðstaða til talningar o.fl.	IELS/SR	Sem fyrst.
Útbúa excel skjal vegna merkingar á galla. Senda.	IELS	Strax.
Styrkur úr Styrktarsjóði HSK – ræða við framkvæmdstjóra HSK.	SR	Fljótlega.
Jólagjöf	SR/EÓ/KÞ	Strax
Atburðardagatal sent í tölvupósti.	IELS	Fyrir áramót.

Fylgiskjöl: Fundargerð 25. október 2011, uppkast að atburðardagatali seinni annar 2012, iðkendalisti, gögn frá aðalstjórnarfundi 2. nóvember – Nora, úthlutun úr Verkefnasjóði HSK, umsókn úr Afreks- og styrktarsjóði UMFS, tilnefning íþróttakarls og íþróttakonu Árborgar.

Fundi slitið. Kl. 21.30

Næsti fundur: Verður boðað til hans.